



Fjárlagnefnd Alþingis
Nefndasvið
Auturstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028, 894. Mál

Reykjavík Akadémían ses er samvinnuvettvangur sjálfstætt starfandi fræðafólks og er stofnunin skilgreind sem nýsköpunarmiðstöð hug- og félagsvísinda í styrktarsamning stofnunarinnar við Háskóla- iðnaðar og vísindaráðuneytið.

Athugasemd Reykjavík Akadémiunnar við fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 beinist að því að fræðasamfélagið utan háskólanna er hvergi ávarpað þrátt fyrir að þung áhersla sé lögð á mikilvægi rannsókna og nýsköpunar. Sem eitt dæmi af mýmörgum má taka fullyrðinguna að með „sókn í opinberri fjárfestingu, öflugum stuðningi við nýsköpun, rannsóknir og þróun og hagfelldu umhverfi fyrir vaxtarsprotu samfélagsins er lagður grunnur að nýju hagvaxtarskeiði.“

Ástæðan er sú að rannsóknir og nýsköpun á sviði hug- og félagsvísindi er borin uppi af einstaklingum sem starfa undir eigin kennitölum og í fyrirtækjum sem vegna smæðar sinnar og fjölbreytileika starfseminnar fangast sjaldan upp í mælingum Hagstofunnar. Því ná aðgerðir stjórnvalda ekki til þess hluta fræðasamfélagsins sem þó gengir veigamiklu hlutverk þegar kemur að því að hlúa að rannsóknum og nýsköpun á sviði hug- og félagsvísinda og er uppstöðulón mannauðs og þekkingar háskólasamfélagsins og skiptir sköpum fyrir unga rannsakendur sem vilja nýta menntun sína og þekkingu til þess að stunda sjálfstæðar rannsóknir. Af sömu ástæðu er aðgengi fræðafólks utan háskólanna að fjármagni til rannsókna takmarkað. Það er breyting frá því sem áður var og skýrist af því að styrkveitingum Rannsóknasjóðs er í dag kerfisbundið beint að því að styrkja rannsóknir innan háskólanna.

Staðan er alvarleg og verði eftir því leitað lýsa fulltrúar Reykjavík Akadémiunnar yfir vilja til þess að útskýra með gögnum og nánari upplýsingum það mikilvæga hlutverk sem fræðafólk utan háskólanna gegnir í samfélaginu og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að auka sýnileika þess í hagkerfinu.

Virðingarfyllst,

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri
annath@akademia.is